



Hjallastefnan

Móttökuáætlun nýrra barna

Hjallastefnan vinnur eftir meginreglu 1 sem snýr að börnum og foreldrum.

Hverju barni er mætt og heilsað á hverjum degi með jákvæðni og gleði. Kynjaskiptingin er notuð til að tryggja jafnræði stúlkna og drengja og gefa báðum kynjum uppbót á þeim sviðum sem ekki tilheyra hefðbundnum kynjahlutverkum.

Öll börn eru sérþarfabörn – en þurfi barn sérstaka aðstoð eða sérstök úrræði vegna þroskastöðu, hegðunar eða aðstæðna sinna að öðru leyti, metur skólinn með foreldrum hvernig staðið skuli að slíkri aðstoð. Engin ein leið er rétt, heldur ráða þarfir barnsins ferðinni samkvæmt mati þeirra sérfræðinga sem að málinu koma og úrslitavaldið er hjá foreldrum.

Foreldrar/forráðamenn fá tilkynningu í póstu um að barn þeirra hafi fengið úthlutað dvöl í leikskóalnum. Foreldrar þurfa að hringja eða senda tölvupóst til að staðfesta að þeir vilji þiggja leikskólaplássið.

Í kjölfarið er sendur út póstur með upplýsingum um skólann og aðlögunarplan.

Boðað er til fundar með nýjum foreldrum í ágúst. Á fundinum eru stjórnendur kynntir, farið yfir starfsemi skólans og helstu áherslupætti.

Aðlögun barna fer fram í byrjun ágúst, strax að loknu sumarleyfi.

Aðlögun er sá tími þegar barnið kynnist kjarnanum sínum, kennurum og börnum. Með góðum aðlögunartíma aukast tengslin milli foreldra og starfsfólks og grunnur er lagður að áframhaldandi foreldrasamstarfi.

Hafa skal í huga í aðlögun:

- Mikilvægt er að góð tengsl myndist á milli leikskóla og heimilis
- Gagnkvæm virðing milli foreldra og leikskóla er grundvöllur þess að barninu líði vel og það njóti sín.
- Leikskólinn þarf að fá góðar upplýsingar um barnið og heimilisaðstæður.
- Merkja þarf fatahólf og að kennari, ein lykilpersóna, tekur á móti fjölskyldu svo að barnið geti fundið til öryggis og leitað til þegar foreldrar eru ekki til staðar.

+354 555 7020

hjallastefnan@hjalli.is

hjalli.is

